

Loftslagsstefna Lögreglunnar á Vesturlandi

Lögreglan á Vesturlandi vill vera í fararbroddi í loftslagsmálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í rekstri, stjórnun, starfsemi og uppbyggingu. Lögð verður áhersla á að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur í samdrætti losunar gróðurhúsalofttegunda.

Annað tímabil vegna aðgerðaráætlunar Lögreglunnar á Vesturlandi í loftslagsmálum er nú yfirstandandi og nær yfir árin 2025-2027. Fyrir liggur tímasett aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum og skilgreindum aðgerðum á þessu tímabili. Lögreglan á Vesturlandi hefur náð markmiði sínu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 80% miðað við árið 2020 en ætlar að gera betur og ná 95% markmiðinu fyrir lok árs 2030. Öll eftirstandandi losun í rekstri verður kolefnisjöfnuð með kaupum á vottuðum einingum. Markmið Lögreglunnar á Vesturlandi taka mið af skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu og yfirlýsingu yfirvalda um kolefnishlutleysi.

Loftslagsstefna Lögreglunnar á Vesturlandi nær til allrar starfsemi embættisins, þ.e.a.s. rekstrar, mannvirkja og framkvæmda, hvort sem um er að ræða orkunotkun, úrgangsmyndun eða innkaup. Einnig verður stuðst við uppfærða aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, leiðbeiningar Umhverfis- og Orkustofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila og Græn skref í ríkisrekstri. Lögreglan á Vesturlandi lauk innleiðingu grænna skrefa 8. desember 2023, fyrst lögregluembætta.

Loftslagsstefna Lögreglunnar á Vesturlandi er rýnd á hverju ári af umhverfisteymi embættisins og yfir- og undirmarkmið uppfærð með tilliti til niðurstaðna græns bókhalds og þróunar heildarlosunar á milli ára.

Loftslagsstefnan var samþykkt af umhverfisteymi Lögreglunnar á Vesturlandi 7. desember 2021 og uppfærð 15.12.2025 og verður árangur aðgerða birtur opinberlega á vef Lögreglunnar á Vesturlandi.

Loftslagsstefna þessi er unnin í samræmi við lög nr. 70/2012: Lög um loftslagsmál. Í 5.gr.c. þessara laga stendur:

“Stjórnarráð Íslands, stofnanir ríkisins, fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins og sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. “

Undirritunarsíða

Gunnar Örn Jónsson



Undirritað af:
Gunnar Örn Jónsson
Dags: 11.01.2026
Tími: 10:46:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1b40fc5-a7f2-49d1-8616-df125539553d

Loflagsstefna 2025-2030
Hafþór Ingi Þorgrímsson



Undirritað af:
Hafþór Ingi Þorgrímsson
Dags: 09.01.2026
Tími: 19:22:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1b40fc5-a7f2-49d1-8616-df125539553d

Loflagsstefna 2025-2030
Harpa Lind Guðmundsdóttir



Undirritað af:
Harpa Lind
Guðmundsdóttir
Dags: 09.01.2026
Tími: 17:39:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1b40fc5-a7f2-49d1-8616-df125539553d

Loflagsstefna 2025-2030
Jón Arnar Sigurþórsson



Undirritað af:
Jón Arnar Sigurþórsson
Dags: 09.01.2026
Tími: 17:04:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1b40fc5-a7f2-49d1-8616-df125539553d

Loflagsstefna 2025-2030
Ásmundur Kristinn Ásmundsson



Undirritað af:
Ásmundur Kristinn
Ásmundsson
Dags: 09.01.2026
Tími: 18:27:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: a1b40fc5-a7f2-49d1-8616-df125539553d